

Álagning skatta og gjalda í Hvalfjarðarsveit 2026

- Álagning útsvars á tekjur ársins 2026 er 14,14%

Álagning fasteignaskatta og fasteignagjalda:

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 segir að leggja skuli árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári skv. fasteignaskrá. Fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðarmótum eftir að þau eru skráð og metin í fasteignaskrá. Sveitarstjórn annast álagningu fasteignaskatts.

- **Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2026:**

Fasteignaskattur A-flokkur 0,34% af fasteignamati

Fasteignaskattur B-flokkur 1,32% af fasteignamati

Fasteignaskattur C-flokkur 1,65% af fasteignamati

Samhliða fasteignaskatti eru innheimt eftirfarandi fasteignagjöld:

- **Lóðarleiga** í þéttbýli 0,80% af fasteignamati
- **Gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs:**

Íbúðarhúsnæði:

Tegund íláts	Gjald kr./ílát á ári
Blandaður úrgangur, 140 l tunna	29.400.-
Blandaður úrgangur, 240 l tunna	38.850.-
Blandaður úrgangur, 660 l tunna	115.500.-
Pappírsefni, 140 l tunna	4.200.-
Pappírsefni, 240 l tunna	6.300.-
Pappírsefni, 660 l tunna	8.400.-
Plastefni, 140 l tunna	4.200.-
Plastefni, 240 l tunna	6.300.-
Plastefni, 660 l tunna	8.400.-
Lífúrgangur, 140 l tunna	8.400.-

Gjald fyrir fastan kostnað

Innheimt er gjald fyrir fastan kostnað, rekstur grenndarstöðva og meðhöndlun úrgangs sem hér segir:

Íbúðarhúsnæði: 21.000 kr.

Frístundahúsnæði og það íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu íláta: 30.450 kr.

Sjá nánar gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit á eftirfarandi slóð:
stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=718eaf25-e046-4c53-a280-2f819108a222

- **Gjald fyrir hreinsun rotþróa:**

Hreinsunargjald er greitt vegna rotþróa við hvert íbúðarhús og sumarhús/frístundahús. Fjárhæð árgjalds miðast við stærð rotþróar og að hreinsun eigi sér stað þriðja hvert ár.

Stærð rotþróar	Gjald
Rotpró 0-4000 l	17.745
Rotpró 4001-6000 l	19.945
Rotpró 6001 og stærri	4.315 m ²
Hreinsistöðvar/demantur	36.645

Sjá nánar gjaldskrá fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í Hvalfjarðarsveit á eftirfarandi slóð:
stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=bcae3be8-fab0-4f3f-ad2e-b1420b161d8a

Gjalddagar fasteignaskatts og gjalda árið 2026 verða níu, á mánaðarfresti, 15. hvers mánaðar, í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september og október. Fyrsti gjalddagi er 15. febrúar. Ef álagning er kr. 30.000 eða lægri er einn gjalddagi 15. maí.

Elli- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur. Ekki þarf að sækja um lækkun, gerður er vélrænn samanburður tekna samkvæmt síðasta fyrirbyggjandi skattframtali og þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðastliðins árs er afsláttur endurreiknaður og tilkynnt ef breyting verður. Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatti:

<u>Einstaklingar</u>		
Tekjumörk kr.		Afsláttur
-	5.709.762	100%
5.709.763	6.248.462	80%
6.248.463	6.808.680	50%
6.808.681	8.122.770	25%
<u>Hjón/sambúðaraðilar</u>		
Tekjumörk kr.		Afsláttur
-	9.049.550	100%
9.049.551	10.342.123	80%
10.342.124	10.990.716	50%
10.990.717	11.420.292	25%

Álagning fasteignaskatta og gjalda er birt rafrænt á www.island.is en óska má eftir útprentuðum álagningarseðli á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar í síma 4338500 eða á póstfanginu hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.

Álagning á gjaldi fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs og gjaldi fyrir hreinsun rotþróa er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.

Linda Björk Pálsdóttir
sveitarstjóri